

Nd.

## 816. Breytingartillögur

[275. mál]

við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Aftan við 7. gr. bætist:

Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

2. 1. málslíður 1. málsg. 10. gr. orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans.

3. 1. málsg. 22. gr. orðist svo:

Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

4. Aftan við 30. gr. bætist:

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta annarra aðila, ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

5. 3. málsg. 33. gr. orðist svo:

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

6. Aftan við 35. gr. bætist:

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss er lokar höfnum á stóru landsvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

7. 1. málslíður 42. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981.